



Til:
Efni:
Upplýsingar:

byggingarfulltrui@bolungarvik.is
Fw: Endurskoðun aðalskipulags Bolungarvíkur
Sent: 04-06-2019 08:45:41 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019040042, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019040042

Vísað er til bréfs frá Bolungarvíkurkaupstað, dags. 16. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna vinnu við endurskoðun Aðalskipulags Bolungarvíkur 2008-2020. Beðist er velvirðingar á því hvað það hefur dregist að svara erindinu.

Náttúrufræðistofnun hefur yfir framangreinda lýsingu og telur að í henni komi að mestu fram það sem þarf að fjalla um í væntanlegri skipulagsvinnu. Vakin er athygli á því að í töflu 51. bls. 18 undir Náttúrufarslegir þættir er ekki sérstaklega minnst á jarðminjar þó gera megi ráð fyrir að þær falli almennt undir náttúruminjar. Sama á t.d. við um víðerni.

Í skipulags- og matslýsingunni vísað í lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í skipulagsvinnunni verði skoðað hvernig væntanleg endurskoðun aðalskipulagsins samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*), og einnig verði umfjöllun í skipulaginu í tengslum við einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Mikilvægt er að skoða a.m.k allar framangreindar lagagreinar í skipulagsvinnunni þó þær geti ýmist átt við eða ekki.

Við frekari vinnslu á endurskoðun aðalskipulagsins vill Náttúrufræðistofnun benda á eftirfarandi gögn sem geta komið að notum: Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>, og Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi> og http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf. Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/>. Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Ná tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Það skal því ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd. <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> Einnig má sjá upplýsingar um 61. gr. náttúruverndarlaga hér: <http://www.ni.is/frettir/2018/07/naturufyrirbaeri-sem-njota-serstakrar-verndar-i-kortasja>

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnunni byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Bréf

Endurskoðun aðalskipulags Bolungarvíkur

Málsnúmer: 2019040042

Númer skjals:

Skráð: 26. apríl 2019

Eigandi skjals: Trausti Baldursson

Auðkenni

Efnisflokkur skjals:

Dagsetning skjals:

Staðsetning skjals:

Fyrirtæki: Bolungarvíkurkaupstaður

Nafn: Gísli Gunnlaugsson

Vinnsla

Staða: Í vinnslu

Geymslustaður skjals:

Endurskoðun aðalskipulags Bolungarvíkur

Viðhengi:



- Endurskoðun aðalskipulags Bolungarvíkur.tif